

Fjarðabyggð
 Hafnargötu 2
 730 Reyðarfjörður

Reykjavík, 27. nóvember 2020
 UST202003-033/H.R.A.
 08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 14. september sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávikum er fram komu í eftirliti stofnunarinnar á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi þann 5. júní sl.. Þann 27. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávakin eru eftirfarandi:

1. **d. – og e. lið 9. gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs.** Óheimilt er að urða hjólbarða hvort sem um er að ræða heila eða kurlaða. Þetta á þó ekki við um hjólbarða sem notaðir eru sem byggingar- og stoðefni á urðunarstað né reiðhjóladekk og hjólbarða með stærra þvermál en 1,4 m. Óheimilt er að urða brotajárn. Við eftirlit mátti sjá haug af hjólbörðum og eitthvað af brotajárn sem til stóð að urða.
2. **4. mgr. gr. 2.3 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Urðunarstaðurinn er ekki snyrtilegur.
3. **2. mgr. gr. 3.2 í starfsleyfi.** Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum urðunarstaðarins skal hafnað. Á urðunarstaðnum voru úrgangsefni, s.s. hjólbarðar og brotajárn sem til stóð að urða en slikt er ekki heimilt.
4. **Gr. 3.10 í starfsleyfi.** Úrgangur sem lagður er í urðunardein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra og vargfugls. Skal þekjulagið að lágmarki vera 15 cm þykkt. Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og stærð vinnsluflatar haldið í lágmarki hverju sinni. Frágangur, þekjulag, skipulag og stærð vinnsluflatar voru ekki í samræmi við kröfur starfsleyfisins.
5. **Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Rekstraraðili hefur ekki skilað inn skráningum fyrir árið 2019.

Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila mun Fjarðabyggð taka yfir rekstur urðunarstaðarins í Þernunesi um áramótin 2020-2021 og við þann gjörning er stefnt á að breyting verði á verklagi. Unnið verði eftir settum reglum til úrbóta á þeim frávikum er skráð voru í eftirliti stofnunarinnar. Fjarðabyggð stefnir á að svæðið verði eins snyrtilegt og hægt er og að verkferlar verði komnir á að fullu 1. september 2021, jafnframt verði þekjulag komið í viðeigandi horf fyrir þau tímamörk. Niðurstöður skráninga fyrir 2019 hafa verið sendar inn til Umhverfisstofnunar og

hefur það verið sett í verklagið hjá rekstraraðila að skráningum verði skilað á réttum tíma.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasiðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Skúli Pórðarson
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands